

Heimsókn til Vilhelmínu,  
Guðrúnar, Guðbjargar, Önnu ...

## Kvennasöguganga um Oddeyrina 19. júní



  
Jafnréttisstofa

  
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

  
MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI MUSEUM

ZONTA  
  
INTERNATIONAL

  
www.akureyri.is  
Akureyri  
ÖLL LÍFINS GÆÐI

## Fimm hús við Strandgötu verða eldi að bráð.

Í október árið 1906 kviknaði eldur í húsinu númer 5 við Strandgötu og fyrr en varir snérist vindur úr suðri til vesturs og húsaröðin var í stór hættu. Áður en yfir lauk voru fimm hús efst við Strandgötuna orðin eldinum að bráð. Hér var þá orðinn stærsti bruni á Íslandi og lán að ekki varð mannskaði af og ljóst að enn fleiri hús voru í bráðri hættu. Í brunanum brunnu verslunar- og íbúðarhús nr. 5,7,9,11 og 13 en ný hús risu hér í kjölfarið.

## Strandgata 1 (mynd)

Árið 1910 hófst hótellrekstur í þessu húsi, þ.e. hótell sem hafði áður verið starfrækt í Strandgötu 31 og **Anna Tómasdóttir** rak. Þetta hótell hét *Hótel Oddeyri*, en Anna átti og rak það hér þar til í maí 1915 en þá söðlaði hún um og flutti til Noregs. Á þeim tímapunkti tók önnur kona við rekstrinum og flutti hótelið í Strandgötu 7.

Af annarri starfsemi hér í Strandgötu 1 og upplýsingum um konur sem hafa komið hér við sögu er ekki mikið að segja. **Lára Ólafsdóttir** fékk verslunarleyfi til þess að versla hér árið 1904. Sú verslun var opnuð 5. desember það ár. Á boðstólum var m.a. ýmis konar varningur sérstaklega fyrir kvenfólk og börn, s.s. nærfatnaður og utanyfirföt handa börnum, efni í kjóla og svuntur, slifsi „*hvergi eins falleg og ódýr*“, hvítt léreft, barnahúfur, svartir hanskar o.fl.“ Ekki er ljóst hve lengi Lára var með þessa búð en árið 1911 var hún komin í annan rekstur.

Vitað er um hannyrðaverslun í húsinu árið 1924 en það er frekar líklegt að kona eða konur hafi komið nálægt þeim rekstri. Það er svo sem ekkert vitað meira um þá verslun annað en að hún var þarna skv. auglýsingu í dagblaði. Eins var um tíma saumastofa í Strandgötu 1 (*Saumastofa Björgvins Friðrikssonar*) þar voru seld efni og svo var hér verslun sem hét *Tískubúðin* árið 1927.



## Strandgata 3

Í auglýsingu í *Norðurlandi* árið 1902 auglýsir **Margrét Guðmundsdóttir** ýmsa álnavöru til sölu í Strandgötu 3. Það sem er tilgreint sérstaklega í auglýsingunni er silki, flauel, kjólar og reiðfatatau og ýmis tilbúinn léreftsfatnaður.



## Strandgata 5

Hér stóð hús sem nú stendur gegn Húsasmíðjunni og snýr andlitinu í suður. Í húsinu rak **Lára Ólafsdóttir** sérverslunina „*Sápubúðin á Oddeyri*“ frá árinu 1911. Verslunin var að mestu eða öllu leyti í eigu danskra athafnamanna en Lára veitti henni

forstöðu. Þar fengust ýmsar þvottavörur og ilmefni sem höfðu aldrei áður sést í verslunum á Akureyri og ilmandi hattar sem áttu eftir að ýta undir þann nútímalega bæjarbrag sem Akureyringar á þessum tíma vildu setja á kaupstaðinn.

Ekki er vitað hve lengi Lára var með þennan rekstur, það eru í öllu falli til auglýsingar allt til 1925 en þá var Lára líka orðin heilsulítill. Árið 1925 var auglýst stór-útsala í búðinni og kannski hefur það verið um það leyti sem rekstrinum var hætt en nafnið lifði lengur t.a.m. kemur það fyrir í auglýsingu árið 1936 þar sem verið var að auglýsa húsnæði til leigu.

**Ragnar** bróðir Láru var stórkaupmaður og ræðismaður Breta hér á Akureyri. Hann hefur e.t.v. komið að rekstri *Sápubúðarinnar*, kannski átt húsnæðið. Börn hans notuðu ættarnafnið Ragnars s.s. Sverrir Ragnars, en hann virðist hafa haft eitthvað með húsnæði Sápubúðarinnar að gera eftir að Lára var dáið (d.1932) því hann auglýsti húsnæðið til leigu árið 1936. Ragnar Ólafsson (faðir Sverris og bróðir Láru) lést 1928.



## Strandgata 7

Strandgata 7 var reist árið 1907. Hótel Oddeyri fluttist í húsið árið 1915, úr Strandgötu 1. Það var **Kristín Eggertsdóttir** sem rak hótelið þarna í Strandgötu 7 allt til dauðadags. Kristín Eggertsdóttir (1877-1924) var fædd á Kroppi í Hrafnagilshreppi, Hún var elst sex systkina og ólst upp hjá foreldrum sínum á ýmsum bæjum við Eyjafjörð. Snemma bar á mikilli námsfýsi Kristínar og þrá til að afla sér menntunar. Hún stundaði nám við *Kvennaskólann á Laugalandi* í Eyjafirði 1888-90 og 1892-94. Eftir það kenndi hún bæði í Munkaþverársókn í Eyjafirði og við Kvennaskólann, sem flutti til Akureyrar haustið 1896. Þar kenndi Kristín til vors 1901. Hún var við nám í Reykjavík á árunum 1901-1905 en ekki er vitað hvar eða nákvæmlega hvenær. Hún fór til Noregs árið 1905 og bjó þar í tvö ár og var annað árið í hússtjórnarskóla.

Kristín varð forstöðukona *Sjúkrahússins á Akureyri* árið 1907 og gegndi því starfi til ársins 1912. Eftir það rak hún greiðasölu í bænum um tíma. Kristín var fyrsta konan í bæjarstjórn Akureyrar 1911-1914 en hún var kjörin í bæjarstjórn af kvennalista árið 1911 með tæplega 17% atkvæða og sat í bæjarstjórn í þrjú ár. Hún átti sæti í kjörstjórn, skólanefnd og fátækranefnd.

Eftir að rekstri hótelsins lauk eignaðist *Kaupfélag Verkamanna* húsið ásamt verkalýðsfélögum, þar sem félagin höfðu skrifstofur og samkomusal. Gekk þá húsið undir nafninu Verkalýðshúsið. *Húsgagnaverslunin Augsýn* var til húsa hér um áratugaskeið en flutti úr því 1997. Þá var þetta hús komið í mikla niðurníðslu en það var endurbyggt og fljótlega var þar opnað kaffihúsið *Kaffi Akureyri* sem enn er starfandi.



### Strandgata 19b (Blátt hátt hús)

**Soffía Sigurjónsdóttir** var fædd á Laxamýri 16.4. 1875. Hún flutti í Strandgötu 19 b ásamt foreldrum sínum og þriggja ára dóttur árið 1906 eftir að hafa stundað nám í hússtjórnargreinum í Kaupmannahöfn. Húsið var byggt af föður hennar og hlaut nafnið *Laxamýri*. Þar stundaði Soffía saumaskap en fór síðan aftur til Kaupmannahafnar 1913 til náms í nuddlækningum sem hún lauk með lofi. Soffía bauð upp á nuddlækningar á Akureyri frá 1914-1931 og var mjög virk í starfi að góðgerðamálum, og var t.d. lengi í stjórn *hjúkrunarfélagsins HLÍF*. Árið 1931 flutti Soffía til dóttur sinnar og fjölskyldu hennar í Þýskalandi og bjó hjá henni til dauðadags þann 5.9. 1940. *Hjálpræðisherinn* var mjög lengi í húsinu undir stjórn Ingibjargar Jónsdóttur.



### Strandgata 19 (Rautt hús)

Hús þetta var byggt árið 1886. Upphaflega var þetta einlyft hús með háu risi en efri hæðin var byggð upp úr aldarmótum 1900. Ýmiss rekstur hefur farið fram í þessu húsi en þekktast var húsið sem verslunin *Bröttuhlíð* sem rekin var af **Brynjólfi Stefánssyni** (f. 14.2. 1881) og **Guðmundu Hólmfríði Jónsdóttur** (f. 12.7. 1891), en þau voru kjörforeldrar **Maríu**

**Brynjólfsdóttur** tónskálds sem fæddist 4. mars 1919. María var gædd óvenjulegum tónlistargáfum. Hún fékk ung leiðsögn á píanó hjá Árna Kristjánssyni píanóleikara, þó um skamma stund á mælikvarða akademíunnar. Þar sáði einn mesti tónlistarmaður þjóðarinnar góðu fræi og jarðvegurinn var frjór. María hafði afar ljóðrænan tón og strauk hljóðfærið næstum eins og án þess að snerta það og laðaði fram úr því söng sem kom hindrunarlaus frá hjartanu. María sagði að sönglögin hennar hafi komið til hennar - hún svaraði kölluninni. Menntun hennar gerði henni ekki kleift að skrifa lögin niður sjálf en þar kom Carl Billich til skjalanna: ótrúlega fallett hvernig hámenntaðir tónlistarmenn, sem flúðu hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar til Íslands, mættu íslenskri menningu og menntun alþýðunnar og hvað úr þeim samleik gat orðið.

Þrjár nótnabækur voru gefnar út á árunum 1972-76 með fallettum sönglögum fyrir einsöngvara, kóra og píanó. Í þeim fjársjóði er að finna hátt í hundrað lög, en í allt samdi hún helmingi fleiri. Ljóðin eru fjölbreytileg og vel valin af knýjandi þörf Maríu fyrir gleði, fegurð og kærleik.

## Strandgata 29 (Mynd)

*Kvennaskóli Eyfirðinga* var starfræktur hér í *Snorrahúsi* á árunum 1898-1904 en þá var hann fluttur í Hafnarstræti 93.

*Kvennaskóli Eyfirðinga* var fyrsti framhaldsskólinn á Akureyri en hann var fluttur til bæjarins frá Syðra-Laugalandi þar sem húsnæði skólans var ekki íbúðarhæft en veruleg fjölgun nemenda fylgdi flutningunum í bæinn.

Forstöðu skólans hafði hin mæta kona **Ingibjörg Torfadóttir** frá Ólafsdal og kennari í bóklegu námi var **Stefán Kristinsson** guðfræði kandidat en **Þórdís Stefánsdóttir** tók síðar við af honum. **Kristín Eggertsdóttir** kenndi kvenna- og barnafatasaum. Skólinn bauð bæði upp á bóklegt og verklegt nám en bóklega námið eflidist mjög eftir flutning skólans á mölina. Bóklegar greinar voru t.d. íslenska, danska, enska, Íslandssaga, landafræði, reikningur og teikning. Verklegu greinarnar voru t.d. línsaumur, útsaumur og matreiðsla en einnig var boðið upp á söngnám.

Þegar skólinn var fluttur til Akureyrar 1896 var hann fyrstu tvo veturna starfræktur í tveimur stofum í *Barnaskóla Akureyrar* innst í Hafnarstræti. Flutningur skólans héðan og inn í Hafnarstræti gerði það að verkum að hægt var að stofna langþráða heimavist við skólann en Hafnarstræti 93 var stórt þrílyft hús.

Þingmenn á þessum tíma voru ekki hlyntir tilvist skólans en margir þeirra töldu að vegna þess hve mikil áhersla væri lögð á bóknám væri það líkast því að hafa tvo gagnfræðaskóla í sama kaupstaðnum. Enn fremur var það þingmönnum hvert um geð að styrkja tvo kvennaskóla á Norðurlandi og niðurstaðan varð sú að styrkja frekar *Kvennaskólann á Blönduósi* en *Kvennaskólann Eyfirðinga*.



## Strandgata 33 (mynd)

**Ólafur Jónsson** og **Valgerður Narfadóttir** ráku *hótel Oddeyri* hér frá árinu 1884, Valgerður lést 1892. Ólafur giftist síðar **Önnu Tómasdóttur** sem var bróðurdóttir fyrri konu hans en Anna var meira en 20 árum yngri en hann. Þegar Ólafur deyr situr Anna eftir með rekstur

hótelsins, en hún lætur byggja mikið við hótelið og gerir það að stórglæsilegu húsi en svo brennur það í miklum bruna árið 1908. Þá kviknaði í næsta húsi (Strandgötu 31) en bæði húsin brunnu til grunna á tveimur klukkutímum. Í framhaldinu flyst *hótel Oddeyri* í Strandgötu 1 eins og áður sagði.

Anna hættir rekstri 1915 og fer í kjölfarið til Noregs.

## Strandgata 37

Fyrst var hér starfrækt brauðgerð árið 1899 rekin af **J.V. Havsteen**. Húsið brann árið 1931. Sama ár var reist hér hús aftur af bakameistararanum **Stefáni Sigurðssyni** og árið 1934 keypti **Kristján Jónsson** húsið og heiti þess var breytt úr *Stefánsbakarí* í *Kristjánsbakarí* en Kristján hafði starfrækt sitt bakarí fram að því í Strandgötu 41 (frá árinu 1912). *Kristjánsbakarí* er elsta fjölskyldufyrirtækið sem enn er rekið á Akureyri.

## Strandgata 39

Fyrst var reist hér hús árið 1894 en það brann árið 1903. Árið 1907 lét **Kristín Árnadóttir** reisa þetta hús á lóðinni sem hefur nú varðveislugildi sem hluti af bæjarmyndinni.

**Gróa Hertervig** (f. 20. maí 1902) bjó í húsinu frá 1937-1947.

Gróa var borin í þennan heim á árdögum nýrrar aldar, þegar bjartsýni um bætt kjör og betra mannlíf fyllti hugi fólksins í landinu, sem svo lengi hafði mátt búa við kröpp kjör. Hún ólst upp í fátækt hins venjulega heimilis íslenskrar alþýðu, og átti þess ekki kost að njóta annarrar skólagöngu en hinnar hefðbundnu barna- og unglíngafraeðslu, sem var hlutskipti svo margra ungmenna þess tíma. Án efa þráði hún að mega njóta meðfæddra gáfna og ótvíræðra hæfileika til náms, en varð að sætta sig við þrotlausa vinnu öll unglingsárin til þess að sjá sér farborða. Hún giftist **Hjörleifi Árnasyni** sem var sjómaður, sótti sjóinn á gömlu seglskútunum, en varð síðar vélstjóri á skipum í millilandasiglingum. Ungu hjónin stofnuðu heimili í þessu húsi. Gróa var mikil hannyrðakona, handbragð hennar og kunnátta vakti mikla eftirtekt. Þegar bærinn setti á stofn saumastofu á kreppuárunum þar sem notuðum flíkum var breytt í nýjar eftir óskum þeirra sem aðstoðar þurftu við veitti hún þeirri saumastofu forstöðu og gerði það um langt árabíll. Það má segja að Gróa hafi verið brautryðjandi í félagsmálaaðstoð bæjarins en hún var einnig í forystusveit *kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands* á Akureyri.

## Strandgata 45

Húsið var byggt árið 1914 af **Einari Einarssyni** frá Djúpavogi, starfsmanni Gránufélagsins og konu hans **Guðbjörgu Sigurðardóttur** frá Reyðarfirði, Suður-Múlasýslu. Í þessu húsi var Knattspyrnufélagið Þór stofnað árið 1915 og var Guðbjörg jafnan nefnd *móðir Þórs*.

## Gránufélagsgata 20

Eitt elsta hús sem enn stendur við Gránufélagsgötu verður 105 ára á þessu ári. Húsið, eða öllu heldur eystri hluta þess reistu systurnar **Anna** og **Kristbjörg Kristjánsdætur**.

Húsið er sagt byggt 1908 en í maí það ár fékk **Bjarni Einarsson** leyfi fyrir að byggja þarna hús. Í öllu falli eru þær systur Anna og Kristbjörg fluttar til Akureyrar um haustið 1908,



líklega komnar þangað frá Svalbarðseyri og þjuggu í Gránufélagsgötu 20. Næstu árin á eftir er önnur þeirra jafnan sögð húsráðandi (ekki alltaf sú sama) en hin sögð hafa atvinnu af dagvinnu. Árið 1924 var byggt við húsið og gerðar nokkrar endurbætur á því. Þegar þær komu til bæjarins var Anna 36 ára (f. 1871) og Kristbjörg 41 árs (f.1867) en þær þjuggu þarna til dauðadags. Þær eru jafnan sagðar daglaunakonur eða verkakonur í íbúaskrá en í manntali 1940 sagðar lifa af húseign enda báðar orðnar fullorðnar og árin þarna á eftir eru þær sagðar óvinnufærar. Árið 1940 voru fimm íbúðir í húsinu, þær þjuggu í einni en í öðrum íbúðum voru leigjendur.

## Hinriksenshús

**Hjördís Matthilde Henriksen/Hinriksen** bjó hér frá 1932 ásamt eiginmanni sínum og syni, tengdadóttur og mörgum börnun. Hún „*Besta*“ (eins og hún var jafnan kölluð) var með mötuneyti heima, rak sjoppu í turninum við Norðurgötu og var þekkt fyrir að vera mjög ötul.

## Gránufélagsgata 21

**Guðrún Funch Rasmussen** ljósmyndari bjó hér en hún fæddist að Orrastöðum 15. 4. 1890. Hugur hennar stefndi snemma til bóka og handíða. Vegna fjárskorts var henni þröngur stakkur skorinn. Hún gat þó notið fræðslu í Blönduóss-Kvennaskóla í tvo vetur. Hún þræði að komast til víðara útsýnis og menntunar og henni tókst það furðanlega. Hún fluttist ung til Akureyrar. Þar lærði hún myndasmíð og náði þar meiri fullkunnun en vænta mátti og nutu sín þar listrænir hæfileikar hennar og meðfædd handlægni. Hún var með litla verslun í stofunni þar sem hægt var að kaupa brjóstsykur, þá kallaðar *bolsúr*, sem hún vigtaði á gamaldags vog með lóðum og setti svo í poka sem hún bjó til sjálf jafnóðum, pappírskramarhús. Eitthvað fleira smávegis var til sölu, blúndur og bönd.

*„Það var rosalega dimmt inni hjá henni og allt í þungum rauðum flauelstjöldum og við þorðum aldrei að fara þangað nema með öðrum, lágmark tveir saman - þetta var svo skuggalegt. Hún var hölt og gekk við staf og það var svolítið erfitt að fara þangað. Maður gekk inn í þetta rauða myrkur og svo beið maður og beið þangað til heyrðist pikkið í stafnum og haltrið í frú Rasmussen og svo kom hún allt í einu fram á milli tjaldanna“.*

Henni tókst með dugnaði og hagsýni að afla sér fjár til utanfarar og dvaldi um hríð í Kaupmannahöfn. Þar kynntist hún góðum manni af góðu fólki kominn, **Laurids Funch Rasmussen**, og giftist honum. Eftir 10-12 ára sambúð missti hún mann sinn, sem hafði stundað sjómennsku á millilandaskipum. Lét hún ekki hugfallast, opnaði ljósmyndastofu og vann við ljósmyndun til æviloka.

## Norðurgata 26

Hér bjó **Filippía Sigurlaug Kristjánsdóttir** betur þekkt undir nafninu *Hugrún skáldkona* sem fæddist 3. október 1905 í Svarfaðardal og lést í Reykjavík 8. júní 1996. Eftir Hugrúnu liggja a.m.k. 29 ritverk, mest ljóða- og barnabækur, en einnig nokkrar skáldsögur og minningarbrot úr bernsku. Stór hluti af skáldsögum, frásögnum og ljóðum Hugrúnar eiga rætur sínar í Svarfaðardal og eitt af ljóðum hennar um dalinn, kvæðið *Svarfaðardalur*, hafa Svarfdælingar gert að héraðssöng sínum. Hugrún var á sínum tíma þekkt útvarpsrödd og las sjálf margar af sögum sínum, frásögnum og ljóðum í Ríkisútvarpinu.



## Norðurgata 31

Skömmu fyrir 1880 byrjaði **frú Nielsína Sophie Jensen** að baka matarbrauð hér í timburhúsi og selja, mest í *Gránufélagsverslunina* en þegar *hótel Oddeyri* var reist bakaði hún nær eingöngu fyrir hótelið. **Jakob Havsteens** bróðir hennar var henni innan handar enda mikill eignamaður en hann lét byggja við húsið hennar (árið 1884) til að koma fyrir stórum bakaraofni en í honum mátti baka 18 rúgbrauð í einu.

Við þetta jókst framleiðsla frú Nielsínu mikið en hún bakaði aðallega rúgbrauð og kringlur. Frú Nielsína bruggaði líka hvítöl en ölgerð var nauðsynleg vegna gráleita botnsfallsins sem féll til í tunnunum meðan vínandinn var að gerjast. Pressuger var ekki flutt inn fyrir en á 20. öld.

Í þessu steypa húsi bjó **María Guðmundsdóttir**, fiskverkakona og húsmóðir en hún fékk leyfi 1926 til að byggja við húsið að norðanverðu sem nýtt var fyrir búfé. María bjó hér með manni sínum **Ásgrími Péturssyni**, fiskmatsmanni, fyrri eiginkonu hans **Guðrúnu Jónsdóttur** og stórum barnahóp.

## Fjólugata 11

Hér bjó **Jenna (Jensína) Jensdóttir** var fædd 24. ágúst 1918 á Læk í Dýrafirði. Hún stundaði nám þ.á.m. í *Námsflokki Reykjavíkur* og lauk námi frá *Kennaraskóla Íslands* 1942. Sama ár stofnaði hún smábarnaskóla á Akureyri sem nefndist *Hreiðarsskóli* ásamt eiginmanni sínum **Hreiðari** og vann við hann, auk þess sem hún kenndi við Barnaskóla og *Gagnfræðaskóla Akureyrar*. Árið 1963 flutti hún til Reykjavíkur og gerðist kennari í *Langholtsskóla* og einnig við *Námsflokka Reykjavíkur*. Jenna og eiginmaður hennar Hreiðar skrifuðu saman 26 barna- og unglingabækur og frá árinu 1975 hafa komið út nokkrar bækur eftir Jennu, auk þess sem hún skrifaði í blöð og tímarit.



## Eyraryvegur 13

**Sigríður Gróa Þorsteinsdóttir** bjó í Eyraryvegi 13. Hún var mikil baráttukona í *Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna*, forstöðukona samtakanna á Akureyri. Hún átti sér skrautlega fortíð; var prestfrú á Saurbæ í Eyjafirði þegar þar "rak á land" **Tryggva Helgason** verkalýðsforkólf með meiru. Sagan segir að hann hafi komið róandi inn Eyjafjörð á flótta eftir einhverjar óspektir í verkalýðsbaráttunni. Hann leitaði hæliss hjá prestinum og gerði sér lítið fyrir og stal prestfrúnni sem var a.m.k. 10 árum eldri en hann. Hann "*kristnaði*" hana í pólitíkinni og hún endaði sem mikil baráttukona. Hún var litin hornauga af mörgum hefðbundnum húsfréyjum á Akureyri vegna vinstri villu og Sovét-aðdáunar.

Það er mjög líklegt að Sigríður hafi verið vinstri sinnuð fyrir, **Sr. Gunnar** fyrri maðurinn hennar (presturinn) var líka mjög liðtækur í félagsmálum vinstri manna og sagði af sér prestsskap um það leyti sem hjónin skilja og flytur suður. Það þótti ekki passa saman að vera vinstri maður og í kirkjulegu starfi.

## Norðurgata 40



Hér bjó **Kata saumakona - Katrín Jósepsdóttir** (f. 1914 – d. 1994) Kata rak verslun á neðri hæð hússins sem var útibú frá *Kaupfélagi Verkamanna* og var með saumastofu á efri hæðinni. Kötu var margt til lista lagt en hún samdi t.d. ljóð og sögur og hittust ljóðskáld á eyrinni gjarnan heima hjá henni. Kata var ein lítt þekktra alþýðulistamanna á Akureyri. Listasafn Akureyrar fékk safn verka hennar að gjöf og hélt í því tilefni sýningu árið 1997. Í sýningarskrá Haraldar Inga Haraldssonar segir m.a.: „*List Kötu er svokölluð Naiv-list (naef), sem er einstakur tjáningarmáti og aldrei tillærður. Sá, sem ber hann í hjarta sér, á hreinan gimstein*

*bernsku og einlægni. Hann birtist bæði í sérstakri tækninni og óbeislaðri frásagnargleðinni, sem býr yfir einstakri fegurð.*“

Verk Kötu saumakonunni á sýningunni eru í eigu Listasafns Akureyrar.

## Eyrarybakarí-Ránargata

**Sigurlaug Guðrún Nielsína Halldórsdóttir**, móðir **Ástu Sigurðardóttur**, textahöfundar rak hér *Eyrarybakarí* ásamt manni sínum **Helga Kér Rasmussen** í kringum 1950. Í *Eyrarybakarí* var ekki einungis bakað brauð heldur var búinn til rjómaís sem var eini rjómaísinn í bænum á þessum tíma. Rjómaísinn var hægt að kaupa hér í bakaríinu en einnig í miðbænum en bróðir Ástu hjólaði á sendihjóli með ísinn í fötum fylltum af ís og salti til að ísinn myndi síður bráðna inn í bæ og seldi hann þar.

## Gamli Lundur

**Vilhelmína Lever** (f.1802, d.1879) var borgarinnna, vertshúshaldari og kaupkona. Hún var ein af sérstæðustu persónum Akureyrar á 19. öld. Vilhelmína var skráð til heimilis í *Lundi* í desember 1861 og bjó hún hér í rúmt ár.

Vilhelmína var fyrst íslenskra kvenna til að sækja um og fá lögskilnað árið 1824. Hún er m.a. þekkt fyrir að hafa greitt atkvæði í fyrstu bæjarstjórnarkosningunum á Akureyri árið 1863, en konur öðluðust ekki kosningarétt til sveitarstjórna fyrr en um 20 árum síðar. Frá árinu 1846-1852 bjó Vilhelmína með syni sínum í Syðra-Krossanesi en flutti aftur inn á Akureyri 1852 en þá fékk hún leyfi til að selja smurt brauð og kaffi og gerðist hún í kjölfar þessa brautryðjandi í tólmstundamálum bæjarbúa þegar hún setti upp “*strytuflöt*” við veitingahúsið sitt í fjörunni (svipar sennilega til keilu). Vilhelmína átti nokkur hús í innbænum og líklegt að hún hafi látið byggja Aðalstræti 52, þar sem hún var húsráðandi og var með fyrrgreindan veitingarekstur 1853.

## Eiðsvöllur

Fyrsti stóratburður, sem um getur í landi núverandi Akureyrarkaupstaðar, gerðist á Oddeyri árið 1551. Það var vorið eftir aftöku **Jóns biskups Arasonar og sona hans**, að konungur sendi tvö herskip norður sem lögðust í höfn við Oddeyri. Voru Norðlendingar boðaðir þar til fundar og neyddir til að dæma Jón Arason og syni hans landráðamenn og viðurkenna siðabótina svokölluðu fyrir Hólabiskupsdæmi. Til minningar um þann fund er nafnið *Eiðsvöllur* á allstóru torgi á Oddeyri. Eiðsvöllur var síðan ruslahaugur í bæjarlandinu.

1934- Leikvöllur færður á Eiðsvöll vegna fyrirhugaðrar kirkjubyggingar efst í Grófargili. Aðsókn í leikskólann jókst smám saman en um 90 – 100 börn voru daglega á leikvöllinum.